



HVAÐA ÆVINTÝRI BÍÐA ÞÍN?

*Tækifæri erlendis &
verkefni innanlands*




Erasmus+ skiptinám er í boði á háskólastigi og eru einungis greidd skólagjöld í heimaskólann á Íslandi.

Erasmus+ felur í sér ferða- og upphaldsstyrk en einnig er í boði að sækja um aukastyrk vegna fötlunar eða heilsufars, og fyrir fólk með börn á framfæri, Skiptinámsdvöl getur verið 3-12 mánuðir en nýlega hefur einnig verið boðið upp á styttri dvalir.

Skiptinám er metið inn í námsgráðuna og á því ekki að verða til þess að námsferill lengist. Það er ekkert aldurstakmark, einungis skilyrði að vera í háskólanámi. Hægt að dvelja úti í allt að 12 mánuði á hverju námsstigi. Einnig er hægt að sækja um **starfsþjálfun** á Erasmus+ styrk, bæði á meðan náminu stendur og eftir að því lýkur. Þá þarf umsóknin að berast fyrir útskrift.

Alþjóðaskrifstofur háskólanna veita upplýsingar og taka á móti umsóknum um skiptinám.



STARFSNÁM Í FRAMHALDSSKÓLUM

Nemendur í starfstengdu námi eða í listnámi á framhaldsskólastigi geta farið til Evrópu á Erasmus+ styrk í starfsnám. Áður en farið er út þarf að klára 1 ár af náminu heima. Gerður er skiptisamningur við skóla erlendis eða vinnustað sem tekur á móti nemandanum.

Nemandi getur sjálfur fundið vinnustað, t.d. á www.erasmusintern.org, haft samband beint eða athugað hjá alþjóðafulltrúum síns framhaldsskóla hvort samningur hafi verið gerður við sérstaka vinnuveitendur áður.

Í boði er ferða- og upphaldsstyrkur Erasmus+ en dvölin getur verið allt frá 2 vikum til 12 mánaða. Starfsnámið er metið inn í námsgráðuna og á ekki að verða til þess að námsferill lengist.

Hægt að fara allt að einu ári eftir útskrift og getur fólk á öllum aldri sótt um Erasmus+ styrk.

Háskólanemum stendur til boða að fara í skiptinám eða starfsþjálfun til Norðurlandanna og Eystrasaltslandanna á vegum Nordplus. Bæði er hægt að fara í lengri og styttri dvalir, sem geta verið allt niður í fimm daga. Alþjóðaskrifstofur háskólanna veita upplýsingar og taka á móti umsóknum.

UNGMENNASKIPTI



Í þessum styrkjaflokki er hægt að skipuleggja verkefni þar sem hópar ungs fólks frá tveimur eða fleiri Evrópulöndum hittast. Ungt fólk kynnist lífi og menningu jafningja þeirra í öðrum löndum Evrópu í verkefnum sem byggja á hugmyndafræðinni um óformlegt nám: Skipulagt nám sem er ekki endilega bók- né verknám heldur **reynsla**.

Í verkefnunum er hægt að vera með t.d. vinnusmiðjur, umræðuhópa, vitundarvakningu o.fl. Verkefnin ættu að miða að því að efla persónulega og félagslega hæfni ungs fólks. Þannig efla þau gildi eins og samstöðu, lýðræði og vináttu (gildir einnig um þátttökuverkefni hér að neðan).

Hver getur sótt um?

- Hópar ungs fólks, a.m.k. 4 frá hverju landi og samtals 16 eða fleiri á aldrinum 13-30 ára.
- Ferðakostnaður, gisting og matur, kostnaður við undirbúningsheimsókn, inngilding.
- 5-21 dagur

ÞÁTTTÖKUPERKEFNI



Í þessum styrkjaflokki er hægt að skipuleggja aðgerðir eða viðburði sem hvetja ungt fólk til virkni og þátttöku í samfélaginu, t.d. með vitundarvakningu, þátttöku ungmenna í umræðuhópum eða samtal við ráðamenn sem taka ákvarðanir um málefni ungs fólks.

- Geta verið bæði innanlands- eða fjölþjóðleg verkefni.
- Aðgerðir eða viðburðir þar sem fókusinn er á raddir ungs fólks og virka þátttöku í málefnum sem skipta þau máli - ekkert um okkur án okkar.

Hver getur sótt um?

- Hópar ungs fólks, 4 eða fleiri á aldrinum 13-30 ára (líka samtök, sveitarfélög, stofnanir)

Styrkt: Ferðakostnaður, gisting og matur, kostnaður við leiðbeinanda, undirbúningur, skipulag og inngilding.

European Solidarity Corps er sjálfbodaliðaáætlun Evrópu. Með henni getur ungt fólk á aldrinum 18-30 gerst sjálfbodaliði í Evrópu í **2-12 mánuði** hjá vottuðum samtökum. Einnig er hægt að sækja um að veita mannúðaraðstoð utan Evrópu (aldurstakmark 18-35 ára). Einstaklingar sem þurfa aukinn stuðning eða sveigjanleika til þátttöku geta farið í styttri verkefni (nokkrir dagar upp í nokkrar vikur). Það þarf að skrá sig inn á [European Youth Portal](#) til að sjá hvaða verkefni eru í boði hverju sinni.

Þetta er tilvalin leið til að gefa af sér, efla sjálfstraust og færni, kynnast nýju fólki og nýrri menningu. Sjálfbodaliðastörfin eru frábær leið til að búa í nýju landi og öðlast nýja reynslu, óháð fyrri þekkingu og námsstigi.



SAMFÉLAGSVERKEFNI



Styrkur sem ungt fólk getur sótt um til að framkvæma verkefni sem hafa áhrif á nærsamfélag þeirra. Hópurinn á bakvið verkefnið þarf að samanstanda af 5 einstaklingum á aldrinum 18-30 ára og hægt er að fá allt að 1 milljón kr í styrk. Þetta er hugsað til að mæta einhverri þörf, efla samkennd, bæta hag hópa eða hafa áhrif á samfélagið á einn eða annan hátt. Á Íslandi hafa samfélagsverkefni European Solidarity Corps verið nýtt t.d. í jafningjafræðslu, leiðtogaþjálfun fyrir ungt fólk, til að hanna app um geðheilsu og ýmislegt fleira.



UPPLÝSINGASTOFA

UM NÁM ERLENDIS

Alhliða upplýsingaveita um nám erlendis. Á vef upplýsingaveitunnar **Farabara** er að finna ýmsar gagnlegar upplýsingar t.d. um hvað þarf að hafa í huga fyrir brottför, varðandi umsóknarferli og tungumálapróf.

Á vefnum má einnig finna nokkuð góðan lista yfir styrki í boði fyrir nemendur. Hægt er að hafa samband með spurningar og Upplýsingastofan beinir fólki í rétta átt að finna svör, því að kostnaðarlausu.

<http://farabara.is>

upplysingastofa@rannis.is



EUROPASS



europass

Ókeypis vefur til að gera ferilskrá og kynningarbréf. Mjög meðfærilegt og flott útlit. Notendur búa til prófil og setja inn upplýsingar um starfsreynslu, nám og aðra færni. Vefurinn býr svo til ferilskrá út frá upplýsingum sem valdar eru. Hægt er að hlaða ferilskránni niður á pdf formi eða deila henni með vefslóð. Sniðmátið er í boði á íslensku.

<https://europass.is>



EVRÓPUÁR
UNGA
FÓLKSINS





EURODESK

eurodesk
Iceland

Eurodesk er evrópskt samstarfsnet sem veitir upplýsingar um nám, starfsþjálfun, sjálfbæðastörf, styrki og margt fleira í Evrópu og víðar. Við mælum með að skoða Eurodesk Opportunity Finder sem er leitarvél yfir fjölmörg tækifæri en einnig birtast tækifæri á Instagram. Eurodesk býður upp á fræðslu og námskeið í samstarfi við ýmsa aðila og svo er hægt að hafa samband og óska eftir upplýsingum um þau ólíku tækifæri sem koma fram í þessum bæklingi.

<https://eurodesk.is>
[@eurodeskiceland](https://www.instagram.com/eurodeskiceland)



EURODESKICELAND